



Fundur háskólaráðs 29. apríl 2004

Fundargerð

Málsnúmer: HI04010018
Málalyklar: 011 Háskólaráðsfundur, fundargerðir,
dagskrár og framlögð gögn
Eigandi skjals: Jórunn Valdimarsdóttir
Staða: Lokið

Dagsetningar:

Búið til: 26.04.2004
Dags: 29.04.2004

Upplýsingar um viðskiptavin:

Háskóli Íslands, Aðalbygging (600169-2039)
101 REYKJAVÍK
Sími: 525 4000; 525 4300
Fax: 552 1331

07/2004

HÁSKÓLARÁÐSFUNDUR

Ár 2004, fimmtudaginn 29. apríl var haldinn fundur í háskólaráði sem hófst kl. 13.00.

Mætt voru: Páll Skúlason, Anna Soffía Hauksdóttir, Hjalti Hugason, María Guðmundsdóttir, Jón Ólafur Skarphéðinsson, Drífa Kristín Sigurðardóttir, Þorsteinn Loftsson, Stefán Svavarsson og Matthías Páll Imsland.

1. Til fróðleiks

- 1.1 Lagt fram yfirlit yfir fundi og viðburði á vormisseri 2004, dags. 26. apríl 2004.
- 1.2 Lagt fram bréf Þórðar Kristinssonar, dags. 20. apríl 2004, til menntamálaráðherra vegna frumvarps til laga um Háskóla Íslands, mál 780, þingskjal 1184.
- 1.3 Lögð fram skýrsla um forsendur útreikninga nemendaframlaga í reiknilíkani um kennslu við háskóla. Menntamálaráðuneytið mars 2004. Rektor mun óska eftir umsögn fjármálanefndar um skýrsluna.
- 1.4 Lagt fram samkomulag um stofnun Jarðvísindastofnunar Háskólans, dags. 15. apríl 2004.
- 1.5 Lögð fram umsögn Háskóla Íslands um tillögu til þingsályktunar um háskóla á Vestfjörðum, 317. mál.
- 1.6 Lagt fram bréf rektors, dags. 21. apríl 2004, til Magnúsar Péturssonar, forstjóra Landspítala – háskólasjúkrahúss, vegna fjármála Erfðafræðinefndar Háskóla Íslands.
- 1.7 Lögð fram drög að samningi Háskóla Íslands og danska vísindamála-ráðuneytisins um tvö störf danskra lektora við heimspekideild.
- 1.8 Lagt fram minnisblað um árlega skráningu 22. - 26. mars sl. og inntöku nýnema vorið 2004.
- 1.9 Lögð fram skýrsla nefndar um uppbyggingu Landspítala – háskólasjúkrahúss ásamt fréttatilkynningu heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytisins.
- 1.10 Lögð fram drög að viðmiðum og kröfum um gæði doktorsnáms við Háskóla Íslands. Plaggið verður til umræðu á 13. háskólafundi 21. maí nk.

2. Erindi til háskólaráðs

- 2.1 Lögð fram drög að endurnýjuðu samkomulagi Háskóla Íslands og Landsbókasafns Íslands – Háskólabókasafns.
- Málið var rætt og verður það áfram til umfjöllunar í háskólaráði.
- 2.2 Hugmyndir um stofnun bæjarfræðaseturs í samstarfi við tiltekin bæjarfélög. Lagt fram minnisblað Guðmundar R. Jónssonar, Rögnvalds Ólafssonar og Tryggva Þórhallssonar, dags. 20. apríl 2004.
- Málið var rætt og óskað eftir því að Matthías Imsland, Inga Jóna Þórðardóttir og

- Anna Soffía Hauksdóttir fari yfir málið.
- 2.3 Lögð fram tillaga Þorsteins Loftssonar um að ítrekuð verði fyrri samþykkt háskólaráðs frá 16. október 2003 um ráðningu sviðsstjóra lyfjasviðs LSH og jafnframt verði samþykkt að veita ekki starfsmönnum LSH akademískar nafnbætur þar til stjórn spítalans hefur uppfyllt ákvæði gildandi samstarfssamnings H.Í. og LSH. Þorsteinn Loftsson gerði grein fyrir tillögu sinni og var hún rædd ítarlega. Anna Soffía Hauksdóttir lagði fram tillögu um að frestað yrði að taka afstöðu til málsins og óskað verði eftir því að forstjóri Landspítala – Háskólasjúkrahúss upplýsi háskólaráð um endurskoðaðar starfslýsingar yfirmanna lyfjasviðs spítalans annars vegar og niðurstöðu endurskoðunar á fyrirkomulagi sviðaskiptingar innan spítalans hins vegar. - Samþykkt samhljóða.

3. Mál á auglýstri dagskrá

- 3.1 Tillaga frá fjármálanefnd: Vinnubrögð og tímasetningar við gerð fjárhags-áætlana. Rektor gerði grein fyrir tillögu fjármálanefndar og var hún rædd ítarlega. Tillagan miðar að því að vinnubrögðum við gerð starfs- og fjárhagsáætlunar Háskólans verði verulega flýtt frá því sem verið hefur. Tillagan hljóðar svo:
- „1) Við lok sumarleyfa ár hvert verði rekstrareiningum skólans sent þar til gert eyðublað til útfyllingar. Haldinn verði vinnufundur í ágúst mánuði með forsvarsmönnum deilda, þ.e. deildarforsetum, skorarformönnum, skrifstofustjórum og öðrum þeim sem að þessari vinnu koma. Vinnu við gerð fjárhagsáætlunar skal svo vera lokið eigi síðar en í desember ár hvert og þar til gert hefti, Starfs- og fjárhagsáætlun H.Í. fyrir komandi ár, komi þá út.
- 2) Að tekin verði upp gerð fjárhagsáætlunar fyrir rannsóknir við H.Í. Tillagan gerir ráð fyrir því, að búið verði til eins konar skapalón þar sem fram kemur hvers konar rannsóknir séu fyrirhugaðar, hver verði mannaflspörf, hvernig fjármögnun verði háttáð og hvernig áfangagreiðslum fjármögnunar vindur fram svo dæmi séu tekin. Á árinu 2003 er þegar búið að verja sem nemur um einum milljarði króna til þessa málaflokks og það er skoðun formannsins að ekki hafi verið fylgst nægjanlega vel með málaflokknum í þessu tilliti. Þá séu þessi vinnubrögð í takt við þá stefnu skólans að hann sé rannsóknaháskóli.”
- Málið var rætt.
- Samþykkt einróma.
- 3.2 Úttektir, staða mála:
- Fjármála- og stjórnisýsluúttekt á Háskóla Íslands á vegum Ríkisendurskoðunar.
 - Úttekt á akademískri stöðu Háskóla Íslands á vegum menntamála-ráðuneytis.
 - Úttekt á lagadeild á vegum menntamálaráðuneytis.
 - Úttekt á skrifstofu NARIC/ENIC á kennsluviði með styrk frá Norrænu ráðherranefndinni.
- Magnús Diðrik Baldursson gerði grein fyrir framlögðu minnisblaði sínu um ytra eftirlit með gæðum háskólastarfs og yfirstandandi ytri úttektir á Háskóla Íslands. Málið var rætt ítarlega og verður áfram til umfjöllunar í háskólaráði eftir því sem tilefni gefst til.
- 3.3 Drög að verklagsreglum um samstarf deilda og Endurmenntunarstofnunar, sbr. erindi á fundi ráðsins 21. ágúst 2003. Rektor gerði grein fyrir málinu.
- Samþykkt einróma.
- 3.4 Málefni Umhverfisstofnunar og Sjávarútvegsstofnunar, sbr. fund ráðsins 18. desember 2003 og 11. mars sl.
Anna Soffía Hauksdóttir gerði grein fyrir framlagðri tillögu um framtíðarskipan

Sjávarútvegsstofnunar og Umhverfisstofnunar.
Málið var rætt og fer til umsagnar þeirra aðila sem það varðar.

4. Önnur mál

- 4.1 Skipun fulltrúa stúdenta í markaðs- og samskiptanefnd.
Rektor lagði til að Jarprúður Ásmundsdóttir verði skipuð fulltrúi stúdenta í markaðs- og samskiptanefnd.
- Samþykkt samhljóða.

Fleira var ekki gert.
Fundi slitið kl. 15.00